

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum (innleiðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál). (Þingskjal 27 — 27. mál).

1. febrúar 2018

Landssamtökin Proskahjálpar áttu fulltrúa í starfshóp sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði í febrúar 2014 um endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Samtökin lögðu í því starfi sérstaka áherslu á að réttindi sem tryggð eru í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem íslenska ríkið skrifaði undir árið 2007 og fullgilti 9 árum síðar, þ.e. haustið 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja, yrðu tryggð í lögum. Í því sambandi er þó rétt að áréttast sérstaklega að þau réttindi sem sá mikilvægi mannréttindasamningur mælir fyrir um eru lágmarksréttindi. Samtökin telja óumdeilanlegt að allar aðstæður hér á landi séu þannig að stjórnvöld hljóti á mörgum sviðum að hafa að markmiði að veita fötluðu fólki enn betri vernd og meiri réttindi en þeim er skylt samkvæmt samningnum.

Proskahjálpar telur að ef frumvarp þetta verður að lögum eins og það liggur fyrir verði réttindi fatlaðs fólks mun betur tryggð í lögum en þau eru samkvæmt núgildandi lögum.

Samtökin vísa til þess sem fram kemur í umsögn þeirra um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir. Þá vilja þau draga eftirfarandi fram varðandi einstök ákvæði þessa frumvarps.

3. gr. a. Yfirstjórn.

Proskahjálpar vísar til þess sem segir í umsögn samtakanna um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir varðandi þörfina á skilvirku og óháðu eftirliti með að fatlað fólk njóti þeirrar þjónustu og þeirra réttinda sem það hefur samkvæmt lögum og mannréttindasamningum.

Samtökin telja til bóta að í lögum verði mælt fyrir um að ráðherra skuli leggja fram skýrslu á Alþingi um framkvæmd félagsþjónustu og leggur mikla áherslu á að Alþingi sinni vel eftirlitsskyldu sinni með því að réttindi og alveg sérstaklega mannréttindi fatlaðs fólks séu virt og varin alls staðar á landinu og án ómálefnalegar mismununar.

3. gr. f. Samráð við notendur.

Afar mikilvægt er að hlutaðeigandi stjórnvöld taki mjög alvarlega skyldu sína samkvæmt ákvæðinu til að veita þátttakendum í samráði nauðsynlegan stuðning og þjálfun til virkrar þátttöku í samráðinu og áréttast samtökin að slíkur stuðningur og þjálfun er forsenda þess að slíkt samráð verði framkvæmt á jafnræðisgrundvelli og geti orðið innihaldsríkt og gagnlegt,

t.a.m. þegar um fólk með þroskahömlun er að ræða. Augljóst er að í því hlýtur að felast að tryggja nægilegt fé til að standa undir kostnaði sem fylgir því að veita þeim sem þátt taka í samráði nauðsynlegan stuðning og þjálfun.

Þá telur Þroskahjálp óhjákvæmilegt að benda á að það kann að verða verulegum vandkvæðum bundið að starfrækja virk notendaráð í fámennum sveitarfélögum og vísast hér til þess sem segir varðandi 5. gr., *Ábyrgð og samvinna sveitarfélaga*, í umsögn samtakanna um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir.

4. gr.

Þroskahjálp telur ákvæði greinarinnar um fagþekkingu starfsfólks vera afar mikilvæga sem og skilyrði hvað varðar refsidóma og sakavottorð og að mælt skuli vera fyrir um að þau nái einnig til undiverktaka.

Í þessu sambandi ítreka samtökin áhyggjur og efasemdir sem þau hafa um að fámenn sveitarfélög geti uppfyllt kröfur um nauðsynlega menntun og fagþekkingu starfsfólks og vísa til þess sem fram kemur í umsögn þeirra um frumvarp um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir varðandi breytingar á þjónustusvæðum (5. gr., *Ábyrgð og samvinna sveitarfélaga*).

5. gr. b. Skyldur sveitarfélaga.

Samtökin vilja hér sérstaklega áréttá mikilvægi þess að samkvæmt ákvæðinu skal þjónusta einnig veitt utan heimilis, m.a. til að stuðla að virkri þátttöku í samfélaginu.

5. gr. c. Mat á stuðningsþörf.

Þá telja samtökin að í lögunum þurfi að skýra með óumdeilanlegum hætti mörk gagnvart lögum um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir til að tryggt verði jafnræði og samræmi að því leyti við beitingu laganna. Eðlilegast sýnist að í lögunum verði mælt fyrir um tiltekinn fjölda tíma í þjónustu á viku sem falli undir lög um félagsþjónustu en það sem fer umfram þau mörk falli undir lög um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir. Hér vísast til þess sem fram kemur í umsögn samtakanna um frumvarp um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir varðandi 2. gr. frumvarpsins, *Skilgreiningar*.¹

Samtökin vilja einnig sérstaklega áréttá það, sem leiðir af jafnræðisreglu íslensks réttar, að fatlað fólk sem þarf á þjónustu að halda vegna fötlunar sinnar og fær þjónustu sem það á rétt

¹ „Þá telja samtökin að hér og/eða annars staðar í lögunum þurfi að skýra með óumdeilanlegum hætti hvað eru „miklar þjónusturþarfir“ í skilningi laganna til að tryggt verði jafnræði og samræmi að því leyti við beitingu laganna og ákvörðun marka gagnvart lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Eðlilegast sýnist að í lögunum verði mælt fyrir um tiltekinn fjölda tíma í þjónustu á viku sem falli undir lög um félagsþjónustu en það sem fer umfram þau mörk falli undir lög um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir. Í þessu sambandi skal á það bent að samræmi að þessu leyti á milli sveitarfélaga / þjónustusvæða er forsenda þess að kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga verði með samræmdum hætti. Einnig skal í þessu sambandi áréttáð það sem segir um *heiti laganna* hér að framan. Nauðsynlegt er að kveðið verði á um þetta samræmi með skýrum og afdráttarlausum hætti í lögum og reglum.“

á og þarf á að halda á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga á alls ekki og má alls ekki njóta á nokkurn hátt verri réttar eða síðri þjónustu en þeir sem fá þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir. Í því sambandi er rétt og nauðsynlegt að halda því vel til haga að tilgangur frumvarpsins er m.a. að leiða ákvæði samnings SP um réttindi fatlaðs fólks í lögum eins og beinlínis kemur fram í nafni frumvarpsins og þá er í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga kafli sem ber yfirskriftina *Þjónusta við fatlað fólk* (XI. kafli).

5. gr. d. Notendasamningar.

Þessi ákvæði þarf að skoða í samhengi við ákvæði varðandi notendastýrða persónulega aðstoð í 11. gr. og bráðabigðaaákvæði I í frumvarpi til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir og vísar Þroskahjálpi til þess sem fram kemur í umsögn samtakanna um þær greinar frumvarpsins.

Með þessu ákvæði þessa frumvarps er verið að leiða í lög notendastýrða persónulega aðstoð við fatlað fólk með minni stuðningsþarfir en ákvæði frumvarps til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir ná til. Þetta er mikilvægt og í anda ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs og þeirrar hugmyndafræði sem liggur þar til grundvallar. Hér er gert ráð fyrir að starfsmaður sem veitir NPA-þjónustu geti verið starfsmaður sveitarfélagsins þó að notandinn stýri þjónustunni. Mikilvægt er að skoða hvort það fyrirkomulag geti ekki einnig átt við í einhverjum tilvikum sem NPA ákvæði hins frumvarpsins taka til og alveg sérstaklega þegar vilji notandans stendur til þess að hafa þann hátt á.

Afar mikilvægt er að tryggt verði með lögum og reglum að kostnaður vegna nauðsynlegrar umsýslu vegna notendasamninga verði greiddur með sama hætti og þegar NPA-samningar eru gerðir.

10. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að koma á og hafa formlegt samstarf og samráð við fatlað fólk. Þroskahjálpi telur þetta vera mikilvægt ákvæði og í samræmi við samráðsskyldur stjórnvalda samkvæmt samningi SP um réttindi fatlaðs fólks. Samtökin leggja einnig ríka áherslu á að sömu skyldur hljóta hér að hvíla á sveitarfélögum samkvæmt þessari grein og mælt er fyrir um í 3. gr. f. frumvarpsins til að tryggja þátttakendum í samráði og samstarfi nauðsynlegan stuðning til virkrar þátttöku í því og áréttu að slíkur stuðningur er forsenda þess að slíkt samráð verði framkvæmt á jafnræðisgrundvelli og geti orðið innihaldsríkt og gagnlegt, t.a.m. þegar um fólk með þroskahömlun er að ræða. Einnig skal áréttuð hér að tryggja verður nægilegt fé til nauðsynlegs stuðnings m.t.t. fötlunar þeirra sem þátt taka.

Þá vísast til þess sem segir hér að framan um 3. gr. f. varðandi fámenn sveitarfélög og starfrækslu notendaráða.

Ákvæði um fjárhagsaðstoð í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Landssamtökin Þroskahjálpi vekja sérstaka athygli á því að í frumvarpinu er ekkert fjallað um ákvæði laganna varðandi fjárhagsaðstoð. Samtökin telja nauðsynlegt að þau ákvæði verði yfirfarin og endurskoðuð eftir þörfum, alveg sérstaklega í ljósi fyrirætlana stjórnvalda varðandi

starfsgetumat, enda verður að gera ráð fyrir að það kunni að hafa áhrif hvað varðar rétt til örorkubóta, atvinnuleysisbóta og fjárhagsaðstoðar. Í þessu sambandi skal bent á að staða fólks sem ekki nýtur fullra örorkubóta eða ellilífeyris, s.s. vegna fyrri búsetu erlendis eða af öðrum ástæðum, er mjög alvarleg og algjörlega óforsvaranleg í ríki sem hefur lýst því yfir í stjórnarskrá að öllum skuli tryggð aðstoð vegna örorku og örbirgðar.²

Landssamtökin þroskahjálpar áskilja sér rétt til að koma að frekari athugasemdum, tillögum og ábendingum varðandi frumvarpið á síðari stigum og óska jafnframt eftir að fá að koma á fund velferðarnefndar til að gera grein fyrir sjónarmiðum samtakanna varðandi frumvarpið.

Virðingarfyllt,

f. h. Landssamtakanna Þroskahjálpar,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.

² Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.“